

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði
eystra nr. 24/1988.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 7 500,-
2. flokkur kr. 15 000,-
3. flokkur kr. 30 000,-
4. flokkur kr. 45 000,-

2. gr.

Upphæð leyfisgjalda skv. 2. gr. verði sem hér segir:

1. flokkur kr. 1 500,-
2. flokkur kr. 3 000,-
3. flokkur kr. 6 000,-
4. flokkur kr. 9 000,-

3. gr.

Gjöld skv. 3. gr. (gjöld fyrir vottorð) verði kr. 1 000,- fyrir hvert vottorð.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands eystra, sbr. 6. gr. 8. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit staðfestist hér með skv. 5. gr. 3. tl. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. október 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystri, skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu
frá 1. október 1989 til 31. janúar 1990, eða þar til annað verður
ákveðið.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verð-

grundvöll á frystri skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. október 1989 til 31. janúar 1990 eða þar til annað verði ákveðið.

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst	3,66
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,67
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,83
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,25
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,47

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3,49
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,67
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,05
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,25

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja,
nr. 523 15. desember 1988.**

1. gr.

a. 1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Skráningarmerki skulu vera úr 1,0–1,5 mm þykku áli. Grunnur skal vera með endurskini. Stafir, rönd á brúnum og flötur fyrir skoðunarmiða skulu vera upplyftir. Skráningarmerki af gerð A, B og D skulu hafa upplyftan flöt fyrir skjaldarmerki kaupstaðar/bæjar eða sýslu. Efst á skráningarmerkið skal greytt verkmiðjunúmer þess ökutækis sem ber skráningarmerkið.

b. Við 2. mgr. 7. gr. bætist nýr liður sem orðist svo:

d. Stærð 305 × 155 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm. Áletrun í tveim röðum, bókstafir í þeirri efri en tölustafir í þeirri neðri.

c. 3. mgr. 7. gr. orðist svo:

Skráningarmerki skal nota á ökutæki samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Bifreiðaskoðun ákveður nánar hvaða gerð skráningarmerkis skal nota á hvert einstakt ökutæki.